

# Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnis

Lesskilningsverkefnið Gluggað og grúskað

Höfrungasaga

2016-2017

Tengiliður verkefnis: Margrét Harðardóttir

Höfundar efnis: Bergljót Vilhjálmsdóttir, Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og  
Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Mæta ólíkum námsþörfum nemenda.
- Efla virkni þeirra í námi.
- Stuðla að jákvæðu samstarfi og samvinnu við foreldra.
- Efla lestrarfærni í víðum skilningi.

## Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis

- Útbúa námskeið í lestri fyrir nemendur í 4.- 5. bekk, sem ekki hafa náð nægjanlegri færni í lestri (sjá lestrarstefnu Hofsstaðaskóla).
- Þýðing á námsefni og fjölbreytt verkefni sem unnin verða í tengslum við námsefnið. Námsefninu er ætlað að höfða til nemenda og efla áhuga, ánægju og sjálfstraust í lestri.

### Framkvæmd, tímaplan og afrakstur verkefnis í júní 2017

Apríl – september	<ul style="list-style-type: none"><li>• Undirbúningur og hugmyndavinna.</li></ul>
September-desember	<ul style="list-style-type: none"><li>• Þýðing á námsefni.</li><li>• Verkefnahefti með lesefni.</li></ul>
Janúar -mars	<ul style="list-style-type: none"><li>• Verkefnahefti með lesefni (framhald).</li><li>• Fræðileg umfjöllun og leiðbeiningar til foreldra.</li></ul>
Apríl-maí	<ul style="list-style-type: none"><li>• Prófun námsefnis með tveimur hópum nemenda.</li><li>• Endurskoðun á verkefni.</li><li>• Yfirlstur og frágangur.</li><li>• Kynningarfundur fyrir foreldra var í upphafi námskeiðs á næsta skólaári.</li></ul>

## Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Tímaáætlun stóðst og vinna við verkefnið gekk samkvæmt áætlun.

## Mat á verkefninu

Búið er að endurskoða verkefnið eftir fyrstu prófun þess. Verkefnið verður lagt fyrir nemendur og það kynnt fyrir foreldrum á næsta skólaári.

## Heildarupphæð styrks

Laun	892.500
------	---------

## Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

### Afrakstur

- Afrakstur verkefnisins eru lestrarbókin Höfrungalíf ásamt verkefnabók.

- Skýrt afmarkað og áhugavert námskeið í lestri.

### Ávinningur

- Aukin færni nemenda í lestri og ánægja í námi.
- Skýrt afmarkað og áhugavert námskeið í lestri.
- Námskeiðið er fyrir nemendur í 4.-5. bekk og námsefnið nýtist áfram.
- Námsefni sem býður upp á samstarf heimilis og skóla.
- Námsefni sem hægt verður að nota áfram og miðla til annarra skóla.

### Kynning


- Verkefnið var kynnt foreldrum áður en námskeið hófst í janúar 2018.
- Verkefnið var kynnt starfsfólki í öðrum grunnskólum í Garðabær haustið 2018.
- Verkefnið verður kynnt skólanefnd og/eða öðrum ráðum bæjarins ef þess er óskað.

Hofsstaðaskóli, 15. febrúar 2018.

Bergljót Vilhjálmsdóttir

Guðrún Dögg Jóhannsdóttir

Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir



Höfrungalíf




Nótt eina féll Sara útbyrðis af báti út í sjó.  
Enginn sá þegar hún féll í sjóinn því öldurnar  
voru svo miklar.  
Sara var skelfingu lostin í ísköldu hafinu.



Að vera skelfingu lostinn = að vera dauðhræddur



Sara barðist við að halda sér á floti og var orðin mjög þreytt. Allt í einu fann hún að eitthvað snerti hana. Hvað gæti þetta verið, vonandi ekki hákarl. Hún var dauðhrædd.



Að halda sér á floti = bjarga sér með því að synda



Þetta var ekki hákarl, þetta var höfrungur. Sara andaði léttar.

Henni til mikillar undrunar fór höfrungurinn að ýta henni rólega að landi. Hún náði því að halda sér á floti með aðstoð höfrungsins. Þegar Sara kom að ströndinni gat hún skriðið í land.

Höfrungurinn hafði bjargað lífi hennar! Í mörg ár fór Sara niður að ströndinni og sá hann stundum stökkva í sjónum og fannst eins og hann þekkti hana.




*Hvers vegna heldur þú að Sara hafi farið svona oft niður að strönd?*

Andaði léttar = að vera feginn



Það eru til margar ótrúlegar sögur af höfrungum. Fólk hefur haft áhuga á höfrungum í þúsundir ára og listamenn hafa teiknað og málað höfrunga frá því í fornöld.


*Þekkirðu einhverja sögu af höfrungum?*





Höfrungum virðist líka vel við fólk. Við strendur Ástralíu eru margir höfrungar gæfir. Sumir höfrungar synda nærri ströndum og eru nálægt fólkinu á ströndinni. Höfrungar lifa við Íslandsstrendur og er vinsælt að fara í hvalaskoðunarferðir. Oftast þarf að fara út á sjó til að sjá þá en stundum synda höfrungar inn í firði og sýna listir sínar þar.


*Hefur þú séð höfrung?*



Að sýna listir sínar = að sýna hvað maður getur




Höfrungar eru félagslyndir og sjást oft í stórum hópum. Þeir hafa gaman af að leika sér. Þeir stökkva hátt upp í loft, veltast um og steypa sér kollhnís, fetta sig og bretta. Oft renna þeir sér í kjölfar skipa og fleyta sér á öldunum.





Höfrungar eru taldir vera í hópi tíu gáfuðustu dýra í heimi.  
Dæmi eru um að höfrungar hjálpi mönnum við veiðar þegar  
þeir kasta út netunum sínum.






Þeir berja í vatnið með sporðinum til að láta sjómennina vita þegar fiskarnir nálgast netin. Höfrungarnir reka fiskinn inn í netin.

*Af hverju heldurðu að höfrungarnir hjálpi sjómönnum?*




Höfrungar eru spendýr eins og við mannfólkið. Þeir anda í gegnum holu sem er á höfðinu á þeim. Holan er kölluð blásturshola. Höfrungar koma upp úr sjónum tvisvar á mínútu til þess að anda.



Höfrungar lifa í vatni alla ævi en þeir eru ekki fiskar. Fiskar geta andað í vatni en höfrungar geta það ekki.






Höfrungar synda með því að slá sporðinum upp og niður en ekki til hliðar eins og fiskar.



*Hvernig eru höfrungar ólíkir fiskum?*



Höfrungar lifa um allan heim.

Það eru til meira en þrjátíu tegundir af höfrungum.






### Fróðleiksmoli

Hvalir halda sig í hópum sem kallast vöður og margir þeirra tala saman með gólum, blístri, kumri og smellum. Mjaldrar „tala“ svo mikið að þeir eru kallaðir sæpáfagaukar.



Höfrungar eru undirættbálgur tannhvala. Tannhvalir éta fiska og stór dýr á borð við seli. Þeir geta jafnvel stokkið upp í fjöru til að hremma óheppna selina. Þeir éta líka fisk og eru góðir í að veiða þá. Höfrungar geta fundið mjög lítinn fisk þó það sé myrkur.






Höfrungar nota bergmál til að senda frá sér merki. Það virkar þannig að höfrungur sendir frá sér hljóð. Hljóðið lendir á steini, fiski eða einhverju öðru í vatninu. Síðan berst hljóðið aftur til höfrungsins. Það er eins og mynd, en er búið til úr hljóði. Höfrungar skiptast á boðum með smellum og blísturhljóðum og hver þeirra á sitt eigið blísturshljóð. Þegar höfrungur gefur frá sér hljóð leggja hinir við hlustir.

*Hefur þú heyrt bergmál?*




Höfrungar eru smáhveli, ákaflega greind og forvitin og algengt að sjá þá stökkva og leika listir sínar í kringum báta og skip úti á sjó.

Þeir geta leikið sér klukkutímum saman og gera næstum allt að leikföngum.





Höfrungar eru venjulega blíðir en stundum verða þeir reiðir.  
Hvernig er hægt að sjá það? Þá gefur höfrungurinn frá sér hátt  
klapp hljóð með kjálkunum eða slær fast í vatnið með sporðinum.




Höfrungar lifa saman í hópum.

Þeir hjálpa hver öðrum.


Þegar höfrungar verða veikir eða slasast sökkva þeir til botns og komast ekki upp á yfirborðið til að fá súrefni. Þá geta þeir dáið.

Aðrir höfrungar safnast þá oft í kring og synda undir veika höfrungnum.




*Þekkir þú fleiri dýr sem hjálpast svona að?*






Þeir ýta höfrungnum upp og niður þar til hann getur synt sjálfur.



Hákarlar éta höfrunga, sérstaklega afkvæmin. Ef hákarl birtist mynda höfrungarnir hring utan um hann til að hræða hann í burtu. Ef það virkar ekki þá slást þeir við hákarlinn.




Höfrungar geta ekki alltaf hjálpað hver öðrum. Margir höfrungar synda inn í torfur af túnfiski. Þegar sjómennirnir loka netunum, veiða þeir höfrungana líka. Milljónir af höfrungum deyja þannig.





Mörgum hefur mislíkað þetta og hætt að borða túnfisk. Börn hafa sent bréf til fyrirtækja sem veiða túnfisk og beðið þau um að hjálpa höfrungunum. Mörg fyrirtæki hafa hlustað á börnin og hjálpa nú höfrungum.




Núna verða sjómennirnir að passa að veiða ekki höfrungana. Þeir merkja á túnfiskdósir að þeir hafi ekki veitt höfrunga þegar þeir voru að veiða túnfiskinn. En baráttan er ekki búin. Fólk berst áfram fyrir því að vernda höfrungana í sjónum.






Fyrir um fimmtíu árum síðan vildi fólk fá að vita meira um höfrunga. Þess vegna byggði fólk sundlaugar með saltvatni. Höfrungarnir voru settir í laugarnar. Þá gátu vísindamenn rannsakað þá í návígi.





Að hverju komust vísindamennirnir ?  
Þeir komust að því að hver og einn  
höfrungur er sérstakur.  
Sumir eru feimnir, aðrir láta bera á  
sér og svo eru þeir oft stríðnir.






Einum höfrungi fannst gaman að  
tosa í fjaðrirnar á pelíkana.  
Pelíkananum fannst það ekki fyndið  
en höfrungnum fannst það mjög  
fyndið!



Annar höfrungur hafði gaman af því að leika sér með stórrí sjóskjaldböku. Skjaldbakan vildi bara sofa en höfrungurinn hafði önnur áform. Hann synti í margar klukkustundir í sundlauginni með skjaldbökuna á bakinu.

*Hvernig eru höfrungar ólíkir?*



Hafði önnur áform = ætlaði að gera annað





Höfrungar eru fljótir að læra.  
Þeim hefur verið kennt að:

reisa fána,



og að heilsa með  
handabandi.






Þeir hafa lært að  
hringja bjöllum

og slá bolta.






Sumsstaðar eru haldnar sýningar þar sem höfrungar sýna listir sínar. Þessir tveir höfrungar lyfta þjálfaranum sínum hátt upp í loftið.








Einn höfrungur lærði meira að segja að mála myndir.  
Hann tók sjálfur upp penslana sína og valdi litina.



Höfrungar hafa gott minni. Í dýragarði í Bandaríkjunum bjó höfrungur sem hét Kata. Kata átti sér uppáhaldsleikfang sem var lítill gúmmíhringur. Einn daginn kom maður að horfa á Kötunni. Kata kastaði hringnum til hans. Maðurinn kastaði til baka til Kötunni. Þau köstuðu hringnum á milli sín í næstum því eina klukkustund.



Tveimur árum seinna kom maðurinn aftur til að horfa á Kötunum. Strax og Kata sá hann, kastaði hún hringnum til hans og vildi halda áfram leiknum.

*Hvað heldur þú að höfrungum þyki skemmtilegt að gera?*






Höfrungar búa til mikið af hljóðum.

En hvað þýða hljóðin?


Margir halda að höfrungar séu að tala hver við annan.

En við vitum það ekki með vissu.



*Af hverju heldur þú að höfrungar  
búi til hljóð?*

Við vitum þó að hver og einn höfrungur á sitt eigið hljóð sem er eins og nafn höfrungsins. Ef afkvæmi höfrungs villist gefur móðirin frá sér þetta sérstaka hljóð til að hjálpa kálfinum að finna mömmu sína.



*Viltu prófa að búa til höfrungahljóð?*




Geta höfrungar skilið mannamál?


Nei, eiginlega ekki. En vísindamenn hafa kennt höfrungum táknmál sem merkja ákveðin orð.

Höfrungar hafa lært orð eins og frisbídiskur, karfa, hægri, vinstri, yfir og undir.

*Hvað myndir þú kenna höfrungi?*




Þessi höfrungur er að horfa á þjálfarann sinn.  
Þjálfarinn gerir táknið fyrir körfu, hægri,  
frisbídiskur og grípa. Höfrungurinn veit hvað táknið  
þýða. Hann syndir að frisbídisk sem er á hægri  
hönd. Síðan setur hann frisbídiskinn í körfuna.






Höfrungar geta meira að segja svarað spurningum. Það eru tvö spjöld í sundlaug höfrunganna. Hvíta spjaldið merkir „já“. Svarta spjaldið merkir „nei“, Þjálfarinn spyr höfrunginn hvort það sé bolti í sundlauginni.






Höfrungurinn lítur í kringum sig.  
Síðan fer hann að hvíta spjaldinu.

„Já“ segir hann. Hann hefur  
rétt fyrir sér.










Það er líka spjald með táknum í sundlauginni.

Spjaldið er með níu tökkum.

Höfrungurinn notar það til að biðja um það sem hann vantar eða vill.


Hann getur beðið um fisk, nudd, hring eða bolta.






Sjóherinn í Ástralíu þjálfaði einu sinni höfrunginn Tomma. Tommi fór í sendiferðir fyrir vísindamenn niður í neðanjarðar rannsóknarstofu. Tommi flutti póst fyrir vísindamennina.

*Hvað meira geta höfrungar lært?*








Höfrungar geta líka lært að finna hluti sem týnast neðansjávar.



Þessir höfrungar synda með börnum með sérþarfir. Sum þeirra eru blind, nokkur geta ekki gengið og önnur heyra ekki. Höfrungar virðast skilja börnin. Þeir leika við börnin, synda með þau á bakinu og eru alltaf nærgætnir.

*Myndir þú vilja synda með höfrungum?*





Höfrungar og menn eru ólík að flestu leyti.

Við tölum ekki sama tungumálið og búum við ólíkar aðstæður.

Höfrungar og menn eiga þó eitt sameiginlegt, sérstakan vinskap eins og í sögunni um Söru sem höfrungurinn bjargaði.








# Verkefnahefti

## Höfrungalíf



Gluggað og grúskað

2017



Kæru foreldrar og forráðamenn

Lestrarátakið Höfrungalíf er ætlað nemendum í 4.- 5.bekk sem ekki hafa náð nægilegri færni í lestri. Markmið með lestrarátakinu er að vinna með leshraða og lesskilning. Reiknað er með að vinna við verkefnið taki 4 vikur og er vinnuferlinu lýst fyrir hverja viku. Lestrarátakið skiptist í tvö hefti, annars vegar leshefti og hins vegar verkefnahefti með fjölbreyttum verkefnum.

Við vonum að lestur þessarar bókar og sú vinna sem lögð verður í verkefnin skili árangri, gleði og góðum samverustundum.

Lestrarátakið Gluggað og grúskað var unnið af sérkennurum í Hofstaðaskóla með styrk frá Þróunarsjóði Garðabæjar veturinn 2016-17.

Bergljót Vilhjálmsdóttir

Guðrún Dögg Jóhannsdóttir

Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir

## Leiðbeiningar til þeirra sem hlusta á barnið lesa

**Orðalisti:** Markmið með orðalista er að gera lestur kaflans auðveldari og þjálfra sérstaklega orð sem oft koma fyrir.

- Barnið les lista með orðum úr sögunni, listinn er lesinn 3 sinnum áður en texti bókarinnar er lesinn. Markmið með orðalista er að gera lestur bókarinnar auðveldari og þjálfra sérstaklega orð sem oft koma fyrir.

**Forspá:** Gott er að rifja upp söguna reglulega og geta sér til um framhaldið.

- Flettið saman bókinni og spyrðu barnið hvað það haldi að sagan fjalli um eða hvað það haldi að gerist næst. Í byrjun hverrar viku er gott að rifja upp og draga saman hvað er búið að gerast í sögunni.

**Lestur:** Barnið les textann með aðstoð foreldra t.d. með því að fá aðstoð við að lesa erfið orð.

**Lesskilningur:** Markmið er að öðlast færni í að skilja innihald sögunnar.

- Gott er að barnið horfi á myndirnar og tali um það sem er að gerast í sögunni hverju sinni. Einnig að barnið tengi við eigin reynsluheim. Ef barnið skilur ekki einhver orð í textanum er gott að útskýra og ræða þau. Á sumum blaðsíðum eru spurningar sem hægt er að spyrja barnið.

**Nefnuhraði:** Markmið með þessu verkefni er að þjálfna barnið í að kalla fram hljóðrænar upplýsingar í langtímaminninu.

- Barnið þarf að nefna hlutina og/eða tölustafina hratt og skráir hve langan tíma það tekur.

**Bullorð:** Markmiðið er að þjálfna hljóðaaðferð við lestur.

- Þjálfun í að lesa orð með hljóðaaðferð.

**Lestrarsprettur:** Markmið er að auka sjónrænan orðaforða.

- Þjálfun í lesa stök orð endurtekið og festa þau í minni.

**Hraðlestur:** Með endurteknum lestri er að unnið að því að ná upp auknum hraða í lestri.

- Barnið les fyrst stöku orðin yfir einu sinni og les síðan textann þrisvar sinnum og tekur tímann.

**Lesskilningsverkefni með hraðlestrartextum:** Markmið er að þjálfna barnið lesa texta með gagnrýnum huga.

- Svára ályktunar- og staðreyndaspurningum.
- Skilja merkingu orða og auka málvitund.




**Ritun:** Ritun þjálfar stafsetningu og færni í að greina hljóð í orðum.

- Barnið skrifar 6 orð eftir upplestri sem foreldri velur úr texta. Barnið skoðar hvort orðin séu rétt skrifuð og ef þau þurfa að leiðrétta, skrifa þau orðin upp aftur eftir fyrirmynd hægra megin á blaðsíðuna. Barnið skrifar einnig 3-4 orða málsgreinar sem fela í sér einhver af orðunum sem þau skrifuðu.

# Vika 1

Barnið byrjar á að lesa orðalistið áður en sagan er lesin. Að lestri loknum eru verkefni unnin.


Verkefni	Dagsetning
Orðalisti	
Lesið bls. 1 - 13 í Höfrungalífi	
Nefnuhraði	
Bullorð	
Lestrarsprettur	
Hraðlestrartexti – Hvalir sýna listir	
Lesskilningsverkefni – Hvalir sýna listir	
Ritunarverkefni	





## ***Orðalisti***

***Lestu listann 3 x yfir 😊***



útbyrðis

dauðhrædd

undrunar

ótrúlegar

fornöld

gæfir

Íslandsstrendur

hvalaskoðunarferðir

félagslyndir































kollhnís

blásturshola

sporðinum

# Nefnuhraði


Nefndu myndirnar eins hratt og þú getur 3 sinnum og skráðu tímann.

1. umferð \_\_\_\_\_


2. umferð \_\_\_\_\_

3. umferð \_\_\_\_\_





# Bullorð



hva

grid

lura

horð

autlur

úrva

blálur

innalu

nával

ænla

rafnal

vítvu


darnef

gænekugg

valnísk

harey

## Lestrarsprettur



Lestu orðin upphátt þrisvar sinnum í 20-30 sekúndur og teldu hvað þú last mörg orð.

Skíðhvalur	Grindhvalur	Andhvalur	Norðhvalur	Nauthvalur	5
Búrhvalur	Bláhvalur	Finnhvalur	Náhvalur	Grænlandshvalur	10
Hrafnhvalur	Hvíthvalur	Andarnefja	Gæsanefja	Skugganefja	15
Hafreyður	Reyður	Langreyður	Steypireyður	Sandreyður	20
Hrafnreyður	Geirreyður	Sverðfiskur	Hornfiskur	Hundfiskur	25
Hnísa	Selhnísa	Hvalhnísa	Króksnjáldri	Norðsnjáldri	30

1. Lestur, fjöldi orða \_\_\_\_\_

2. Lestur, fjöldi orða \_\_\_\_\_

3. Lestur, fjöldi orða \_\_\_\_\_





# Hvalir sýna listir

Lestu fyrst stöku orðin þrisvar sinnum og lestu síðan textann þrisvar sinnum og skráðu tímann.

Hvalir  
Stórfenglegast  
náttúrunni  
hnúfubak  
hafsbörðið  
bægslum  
neðansjávar  
skyggnast  
fardýr  
kaga  
afmörkuðum  
grynningum  
rúmsjó

Einhver stórfenglegasta sýn, sem sjá má í náttúrunni er þegar stórhveli stekkur upp úr sjónum og skellur svo niður með miklum gusugangi. Algengt er að sjá hnúfubak stökkva svona, og einstök dýr hafa sést stökkva allt að tvö hundruð sinnum í röð. Þegar einn hvalur fer að stökkva slást aðrir í hópinn. Eins og aðrir hvalir sýna hnúfubakar fleiri listir svo sem að slá hafsbörðið með bægslum og sporði. Við sláttinn myndast mikill hávaði, einkum neðansjávar. Það getur verið að þetta séu aðferðir við að koma boðum til annarra hvala. Margir hvalir sjást líka kaga, það þýðir að reka höfuðið upp úr sjónum til að skyggnast um eftir fiski.

Í öllum höfum heims er að finna hvali af einverju tagi. Hvalir sumra tegunda ferðast vítt um sjó en aðrir lifa aðeins á afmörkuðum svæðum. Sumar hafast við á sömu slóðum árið um kring en aðrir taka sig upp á vissum tímum árs og fara milli staða. Nokkrir eru jafnan á grynningum, nærri landi en aðrir þrífast best úti á rúmsjó.

Lestur 1 \_\_\_\_\_ Lestur 2 \_\_\_\_\_ Lestur 3 \_\_\_\_\_

# Hvalir sýna listir



## 1. Hnúfubakur er

- Fiskur
- Háhyrningur
- Hvalur
- Selur

## 2. Bættu við orði í textann þannig að samhengi textans verði rétt.

Hvalir sýna oft listir sínar með því að \_\_\_\_\_ bægslum sínum við hafsborðið. (sýna, slá, fela, láta)

Hvalir ferðast vítt um \_\_\_\_\_ en aðrir halda sig oftast á svipuðum slóðum. (fjörur, lönd, höf, vötn)

## 3. Um hvað fjallar textinn fyrst og fremst um?

*Textinn fjallar fyrst og fremst um:*

- hvað hvalir gera með bægslum og sporði
- hvernig hvalir sýna listir sínar
- hvernig hvalir hafa samband við aðra hvali
- hvers vegna hvalir reka höfuðið stundum upp úr sjónum

## 4. Af þessum texta má álykta að:

- Hvalir séu mikið fyrir það að sýna listir sínar
- Hvalir séu mikið fyrir hávaða
- Lífshættir hvala séu mjög mismunandi
- Hvalir haldi sig á sömu slóðum.

## 5. Hvort er setningin staðreynd eða ályktun?

*Merktu við rétt svar*

Staðreynd	Ályktun	
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Hvalir eru félagsverur.
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Hvalir leika oft listir sínar með því að stökkva hátt.
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Hvalir lifa á fiski.
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Hvalir slá oft bægslunum við yfirborð sjávar.



**6. Í textanum kemur ekki fram:**

- hvar hvalir lifa
- á hverju hvalir lifa
- hvernig hnúfubakur er á litinn
- hvers vegna hvalir búa til hávaða með bægsulunum.

**7. „Aðrir þrífast best úti á rúmsjó“**

Orðið rúmsjó þýðir:

- rúm úti á sjó
- langt frá landi
- fallegur sjór
- rúmur sjór

**8. „slá hafsborðið með bægslum og sporði“**

Orðið „bægslum“ þýðir hér:

- krafti
- afturhluti hvals
- hávaða
- framlimur hvals

**9. Merktu við það sem er ekki rétt.**

Hnúfubakar sýna listir með því að:

- dansa neðansjávar
- stökkva og slá sporðinum við yfirborð sjávar
- blása upp í loftið
- syngja

**10. Merktu við rétt svar**

- Hvalir finnast bara úti á rúmsjó
- Hvalir finnast einungis á afmörkuðum stöðum
- Hvali er að finna í öllum höfum.
- Allar hvalategundir ferðast víða.

## Ritun



Foreldri velur eitt orð úr orðalista. Barnið skrifa málsgrein sem inniheldur orðið.

Dæmi: Sjóskjaldbaka

Sjóskjaldbökur synda í sjó.

1. Orð \_\_\_\_\_

Málsgrein: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

2. Orð \_\_\_\_\_

Málsgrein: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_


\_\_\_\_\_



## Vika 2

Barnið byrjar á að lesa orðalistana áður en sagan er lesin. Að lestri loknum eru verkefni unnin.

Verkefni	Dagsetning
Orðalisti	
Lesið bls. 14- 24 í Höfrungalífi	
Nefnuhraði	
Bullorð	
Lestrarsprettur 1	
Hraðlestrartexti – Höfrungar	
Lesskilningsverkefni – Höfrungar	
Ritunarverkefni	



## **Orðalisti**

**Lestu listann 3 x yfir 😊**



bergmál

blísturshljóðum

yfirborðið

kjálkunum

sporðinum

loftbólur

yfirborðið

afkvæmin

torfur

milljónir

mislíkað

fyrirtækja



# Nefnuhraði

Nefndu tölurnar eins hratt og þú getur 3 sinnum og skráðu tímarn.

3	10	1	4	3	7
8	6	3	4	7	10
6	7	4	10	1	3
3	10	7	4	3	4
6	8	3	8	7	4


1.umferð \_\_\_\_\_

2.umferð \_\_\_\_\_

3.umferð \_\_\_\_\_



# Bullorð



angður

teyptir

dreyður

hrafnur

geirð

virðfendu

nísa

knísál

alur

óksnjál

orðsnjádri

firskeki

reksít

síkitt


pöfrun

kákahös



## Lestrarsprettur

Lestu orðin upphátt þrisvar sinnum í 20-30 sekúndur og teldu hvað þú last mörg



Fiskreki	Síldræki	Síldræki	Höfrungur	Rákahöfrungur	5
Háhyrna	Marsvín	Döglingur	Gáshnallur	Rákaskoppari	10
Hnýfill	Hnúfubakur	Skeijungur	Hnúðubakur	Hornfiskreyðari	15
Hnýðingur	Blettahnýðir	Leifturhnýðir	Sandlægja	Katthveli	20
Hrefna	Háhyrningur	Skjöldungur	Búri	Durmir	25
Hafurkitti	Léttir	Dettir	Stökull	Leiftur	30
Mjaldur	Náhveli	Sléttbakur	Grænlandssléttbakur	Íslandssléttbakur	35

1. lestur, fjöldi orða \_\_\_\_\_

2. lestur, fjöldi orða \_\_\_\_\_

3. lestur, fjöldi orða \_\_\_\_\_

# Höfrungar



Lestu fyrst stöku orðin þrisvar sinnum og lestu síðan textann þrisvar sinnum og skráðu tímann.

Höfrungar  
Spengilegur  
Trjónu  
Skoltum  
Trýni  
Íshafssjónum  
Heimskautunum  
Félagslyndir  
Vatnsleikfimi  
Kollhnís  
Fimastir  
Skopparar  
Húmhnýðingar

Höfrungar eru öðrum hvölum algengari. Þeir synda hratt og stökkva oft og leika fleiri listir á ferðum sínum uppi við yfirborð sjávar. Bolurinn er spengilegur og flestir höfrungar eru með áberandi bakhyrnu. Yfirleitt eru þeir dökkgráir á baki með hvíta eða ljósgráa bringu. Um helmingur höfrunga er með langa trjónu og allt að 250 tennur í báðum skoltum. Hinir hafa stutt trýni og færri tennur. Höfrungar lifa í öllum höfum en fáir haldast við í íshafssjónum nærri heimskautunum. Flestir eru félagslyndir og ferðast sumir hundruðum saman í vöðum.

Höfrungar hafa löngum glatt menn með listilegri vatnsleikfimi. Þeir stökkva, veltast og steypa sér kollhnís, renna sér í kjölfar skipa og fleyta sér á öldunum. Fimastir þykja skopparar og húmhnýðingar. Meðal flestra dýra er það ungvíðið sem leikur sér en höfrungar og fleiri hvalir bregða á leik alla ævi. Stundum virðast dýrin bara vera að skemmta sér en sumar kúnstir þjóna ákveðnum tilgangi svo sem að senda öðrum höfrungum boð.

Lestur 1 \_\_\_\_\_ Lestur 2 \_\_\_\_\_ Lestur 3 \_\_\_\_\_



## Ritun



Foreldri velur eitt orð úr orðalista. Barnið skrifa málsgrein sem inniheldur orðið.

Dæmi: Sjóskjaldbaka

Sjóskjaldbökur synda í sjó.

1. Orð \_\_\_\_\_

Málsgrein: \_\_\_\_\_

---

---

---

2. Orð \_\_\_\_\_

Málsgrein: \_\_\_\_\_

---

---

---

# Höfrungar



## 1. Höfrungur er

- af fiskaætt
- af hvalaætt
- af hákarlaætt
- af selaætt

## 2. Bættu við orði í textann þannig að samhengi textans verði rétt.

Höfrungar hafa \_\_\_\_\_ skemmt fólki  
(aldrei, lengi, ofsalega, sjaldan)

Stundum virðast dýrin bara vera að skemmta sér en sumar  
\_\_\_\_\_ þjóna ákveðnum tilgangi.  
(ferðir, grettur, listir, tennur)

## 3. Um hvað fjallar textinn fyrst og fremst um?

- útlit höfrunga
- leiki höfrunga
- lífshætti höfrunga
- ferðalög höfrunga

## 4. Af þessum texta má álykta að:

- höfrungar séu mikið fyrir það að sýna listir sínar.
- höfrungar séu grimmir.
- höfrungar geti verið latir þegar þeir eldast.
- húmhnýðingar séu skopparar.

## 5. Hvort er setningin staðreynd eða ályktun?

*Merktu við rétt svar*

Staðreynd	Ályktun	
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Höfrungar er algeng hvalategund.
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Höfrungar eru fimir.
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Höfrungar er frekar að finna í heitum sjó en ísköldum.
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Höfrungar eru vitur dýr.



**6. Í textanum kemur ekki fram:**

- hvaða höfrungar eru flinkastir að synda.
- hvernig höfrungar líta út.
- hve stórir höfrungar eru yfirleitt.
- hvernig þeir sýna listir.

**7. Merktu við það sem á ekki við um höfrunga?**

- Höfrungar eru með trjónu, trýni og bakhyrnu.
- Höfrungar eru duglegir að sýna listir sínar.
- Höfrungar eru með horn og hala.
- Höfrungar eru félagslyndir.

**8. Ljúktu við setninguna.**

Höfrungar eru:

- einfarar
- dökkir á bakinu og ljósir á bringunni
- með horn á bakinu
- íshafsdýr

**9. „ferðast sumir hundruðum saman í vöðum“.**

**Orðið „vöðum“ þýðir:**

- að vaða í sjó
- stígvél
- fjörðum
- stórum hópum

**10. „Bolurinn er spengilegur“**


**Orðið „spengilegur“ þýðir:**

- Ljótur
- Glæsilegur
- Mjór
- Frægur

## Vika 3

Barnið byrjar á að lesa orðalistið áður en sagan er lesin. Að lestri loknum eru verkefni unnin.


Verkefni	Dagsetning
Orðalisti	
Lesið bls. 25 - 31 í Höfrungalífi	
Nefnuhraði	
Bullorð	
Lestrarsprettur	
Hraðlestrartexti – Keikó, hvalur í heimsreisu	
Lesskilningsverkefni – Keikó, hvalur í heimsreisu	
Ritunarverkefni	





## **Orðalisti**

**Lestu listann 3 x yfir ☺**



baráttan

vernda

saltvatni

rannsakað

návígi

sérstakur

stríðnir

feimnir

fjaðrirnar


pelíkana

sjóskjaldböku

þjálfaranum

# Nefnuhraði


Nefndu myndirnar eins hratt og þú getur 3 sinnum og skráðu tímann.



1.umferð \_\_\_\_\_


2.umferð \_\_\_\_\_

3.umferð \_\_\_\_\_





# Bullorð



tyrna

arsín

ögling

gásnall

rákaskop

nýfill

núfusak

keljur

núðaku

ornfisre

nýnge

lettað


kathve

eiftur

andlæ

refna

## Lestrarsprettur



Lestu orðin upphátt þrisvar sinnum í 20-30 sekúndur og teldu hvað þú last mörg orð.

Félagslyndir	félagsskapur	félagsmiðstöð	félag	félagsmaður	5
Haf	hafflötur	hafsvæði	hafnarsvæði	hafur	10
Dýr	dýrategund	dýragarður	dýrtíð	dýrafóður	15
Sporður	sporðdreki	sportsokkar	spor	sportvörverslun	20
Hákarl	háhyrningur	hártoppur	hárspöng	hátíð	25
Vatn	vatnagarður	vatnsdropi	vatnsþétt	vatnsvarið	30
Veiða	veiðimaður	veiðiferð	veiðistöng	veiðileyfi	35
Bergmál	Bergrisi	bergnuminn	bergtegund	Bergljót	40
Hljóð	hljóðvarp	hljóðmaður	hljóðnar	hljóðleg	45

Lestur, fjöldi orða \_\_\_\_\_

2. Lestur, fjöldi orða \_\_\_\_\_

3. Lestur, fjöldi orða \_\_\_\_\_



## Keikó hvalur í heimsreisu



Lestu fyrst stöku orðin þrisvar sinnum og lestu síðan textann þrisvar sinnum og skráðu tímann.

Keikó  
peninga  
fiskibát  
ævintýranna  
víðförli  
Mexíkó  
Mið-Ameríku  
Íslandsströndum  
fyrirferðamiklum  
ævintýrakonungsríki  
óbærilega

Nú er Keikó seldur fyrir mikla peninga, svo mikla peninga að fyrir þá hefði til dæmis mátt kaupa ágætis fiskibát á Íslandi. Í þetta sinn var ferðinni heitið til dýragarðs sem kallaður var „Konungsríki ævintýranna“. Keikó var svo sannarlega að fljúga á vit ótrúlegra ævintýra. Þessi víðförli hvalur var að fara langt upp í fjöll til borgarinnar Mexíkó í landinu Mexíkó. Borgin sú gnæfir yfir sjónum í meira en tvö þúsund metra hæð. Keikó var orðinn sannkallaður fjallahvalur. Hann var líka eini háhyrningurinn í allri Mið-Ameríku og fólkinu þar þóttu undur og stórmerki að eiga svona stóran og fallegan hval frá Íslandsströndum.

Börn og fullorðnir komu langt að til þess að sjá Keikó og nú fékk hann frið fyrir gömlum og fyrirferðamiklum háhyrningum í lauginni sinni. Hann var þó ekki aleinn í lauginni í „Konungsríki ævintýranna“ því nokkrir höfrungar bjuggu þar hjá honum. Þrír þeirra urðu miklir vinir hans og fyrst um sinn gat hann leikið sér löngum stundum með höfrungunum. En svo kom að því að lífið varð erfitt hjá hvalnum í ævintýrakonungsríkinu. Á sumrin varð óbærilega heitt í Mexíkóborg.

# Keikó, hvalur í heimsreisum



## 1. Hvernig dýr er Keikó

- fiskur
- háhyrningur
- hákarl
- selur

## 2. Bættu við orði í textann þannig að samhengi textans verði rétt.

Keikó var \_\_\_\_\_ að fljúga á vit ævintýranna.

(trúlega, líklega, fljótlega, vissulega)

Fyrst um sinn gat hann leikið sér \_\_\_\_\_ við vini sína.

(lengi, skemmtilega, ótrúlega, merkilega)

## 3. Um hvað fjallar textinn fyrst og fremst?

*Textinn fjallar um:*

- hvers vegna hvalir sýna listir sínar
- líf Keikó í Mexíkó
- konungsríki ævintýranna
- vini Keikó

## 4. Af þessum texta má álykta að:

- Keikó hafi ekki liðið vel í Mexíkó.
- Keikó hafi búið í ævintýrahöll.
- Keikó hafi verið frjálst í hafinu.
- Keikó hafi ekki átt alvöru vini.

## 5. Hvort er setningin staðreynd eða ályktun?

*Merktu við rétt svar*

Staðreynd	Ályktun	
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Menn borguðu mikið fyrir Keikó.
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Háhyrningar og höfrungar geta leikið sér saman.
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Keikó þoldi hitann illa á nýja staðnum.
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Keikó átti þrjá góða vini í ævintýrakonungsríkinu.



**6. Í textanum kemur ekki fram:**

- hvort Keikó varð áfram í ævintýrakonungsríkinu.
- hverjir sóttust eftir því að fá að skoða Keikó.
- hvar dýragarðurinn var.
- hvar Mexíkóborg er.

**7. „fljúga á vit ótrúlegra ævintýra“**

á vit ævintýra þýðir:

- að vita mikið um ævintýri
- eiga von á því að lenda í skemmtilegum hlutum
- á vængjum
- fljúga til Mexíkó

**8. „Þessi víðförli hvalur“**

Orðið „víðförli“ þýðir hér:

- frægi
- afturhluti hvals
- sá sem hefur ferðast mikið
- skemmtilegi

**9. Merktu við það sem er ekki rétt.**

Keikó

- var oftast að synda með öðrum háhyrningum í lauginni.
- var ættaður frá sjónum í kringum Ísland.
- var jafn dýr og fiskiskip.
- Keikó þoldi vel mikinn hita.


**10. Merktu við rétt svar**

- Keikó var mjög verðmætur hvalur.
- Háhyrningar eru algengir í Mexíkó.
- Það er mjög heitt í Mexíkó á veturna.
- Keikó var ekki fallegur hvalur.

## Vika 4

Barnið byrjar á að lesa orðalistana áður en sagan er lesin. Að lestri loknum eru verkefni unnin.


Verkefni	Dagsetning
Orðalisti	
Lesið bls. 32-48 í Höfrungalífi	
Nefnuhraði	
Bullorð	
Lestrarsprettur	
Hraðlestrartexti – Hjálp Keikó, hjálp	
Lesskilningsverkefni – Hjálp Keikó, hjálp	
Ritunarverkefni	





## ***Orðalisti***

***Lestu listann 3 x yfir 😊***



penslana

uppáhaldsleikfang

hringnum

vísindamenn

táknmál

frisbídiskur

vísindamenn

neðanjarðar

rannsóknarstofu

neðansjávar

sérþarfir

nærgætnir

# Nefnuhraði


Nefndu tölurnar eins hratt og þú getur 3 sinnum og skráðu tímann.

3	10	1	4	2	7
8	6	3	4	7	10
6	2	4	10	1	3
3	2	7	4	3	4
6	8	3	2	7	4

1.umferð \_\_\_\_\_


2.umferð \_\_\_\_\_

3.umferð \_\_\_\_\_





# Bullorð



durmir

ninge

kjöld

furkitti

pétti

trettir

tökul

eift

jaldu

nável

léttba


rænand

létba

anslét

takur

## Lestrarsprettur



Lestu orðin upphátt þrisvar sinnum í 20-30 sekúndur og teldu hvað þú last mörg orð

Spendýr	rándýr	hryggdýr	skordýr	nagdýr	5
Atlandshaf	Kyrrahaf	úthaf	Miðjarðarhaf	Indlandshaf	10
Listir	listamenn	listar	listaverk	listfengi	15
Höfrungur	höfðingi	höfuðáttir	höfgi	höfuðhögg	20
höfuð	höft	höfuðból	höfuðsmaður	höfum	25
Sjór	sjómaður	sjóstakur	sjóferð	sjóstangaveiði	30
Hvalaskoðun	hvalveiðar	hvalkjöt	hvalasafn	hvalaskoðunarferðir	35
Net	netverjar	netöryggi	netaveiðar	netmiðlar	40
Boð	boðskapur	boðhlaup	boðflenna	boðskort	45
Læra	lærlingur	lærdómur	lærisveinn	lævis	50

Lestur, fjöldi orða \_\_\_\_\_

2. Lestur, fjöldi orða \_\_\_\_\_

3. Lestur, fjöldi orða \_\_\_\_\_





## Hjálp Keikó, hjálp

Lestu fyrst stöku orðin þrisvar sinnum og lestu síðan textann þrisvar sinnum og skráðu tímann.

Keikó  
Undrunarsvipur  
Matthildur  
Gylfi  
flæðarmálið  
galopnaði  
háhyrningar  
blístraði  
furðulegu  
ræskti  
hóstaði  
undrandi  
hreykinn

Ég vissi það, sagði Gylfi dálítið rogginn. Hann vill hitta Keikó. Undrunarsvipur kom á Matthildi. Sérðu hvernig hann lætur og hvert hann glápir? sagði Gylfi. Hann skilur Keikó, alveg eins og ég. Kallaðu þá á Keikó og vittu hvort hann svarar, sagði Matthildur en hún var sannfærð um að Gylfi væri að skrökva. Hann svarar ekki alltaf, sagði Gylfi og neri saman höndunum. Hann gekk niður í flæðarmálið, hallaði höfðinu eins langt aftur og hann gat og galopnaði munninn. Síðan myndaði hann hljóð sem líktist því sem háhyrningar gefa frá sér. Matthildur ætlaði ekki að trúa sínum eigin eyrum og starði á bróður sinn. Hann blístraði aftur með þessum furðulegu tilburðum og það var eins og hljóðið bærist lengst neðan úr maga. Gylfi ræskti sig og hóstaði. Ef mér er kalt kemur ekki alveg rétt hljóð, sagði hann til öryggis ef Keikó léti ekkert á sér kræla. Mér er nefnilega dálítið kalt núna. Hvernig geturðu þetta, spurði Matthildur undrandi. Hún hafði aldrei heyrt bróður sinn gera þetta áður. Lubbi sperrti eyrun og hreyfði hausinn upp og niður. Síðan gelti hann og reyndi að herma eftir Gylfa. Keikó kenndi mér þetta, sagði Gylfi hreykinn.

Lestur 1 \_\_\_\_\_ Lestur 2 \_\_\_\_\_ Lestur 3 \_\_\_\_\_

# Hjálp Keikó, hjálp



## 1. Keikó er

- Fiskur
- Maður
- Háhyrningur
- Strákur

## 2. Bættu við orði í textann þannig að samhengi textans verði rétt.

„Síðan \_\_\_\_\_ hann til hljóð sem líktist því sem háhyrningar gefa frá sér.“ *(tók mynd, sendi, söng, bjó)*

„Það var eins og hljóðið \_\_\_\_\_ lengst neðan úr maga.“ *(kæmi, fyndist, lægi, færi)*

## 3. Hvers konar texti er þetta?

- fræðitexti
- saga um samskipti barna og dýra
- myndasaga
- ljóðabók

## 4. Af þessum texta má álykta að:

- Enginn skilji Keikó
- Lubbi og Gylfi skilji Keikó
- Gyða skilji Keikó
- Gylfi skilji Keikó

## 5. Hvort er setningin staðreynd eða ályktun?

*Merktu við rétt svar*

Staðreynd	Ályktun	
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Gylfi kallar á Keikó.
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Lubbi skilur Keikó.
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Gylfa er kalt.
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Keikó kenndi Gylfa hljóðið.





## Ritun



Foreldri velur eitt orð úr orðalista. Barnið skrifa málsgrein sem inniheldur orðið.

Dæmi: Sjóskjaldbaka

Sjóskjaldbökur synda í sjó.

1. Orð \_\_\_\_\_

Málsgrein: \_\_\_\_\_

---

---

---

2. Orð \_\_\_\_\_

Málsgrein: \_\_\_\_\_

---

---

---